



UMHVERFISSTOFNUN

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík 20. apríl 2015
UST201504-107/B.S.

Efni: Borholur í Botnsdal í Súgandasírði innan svæði nr. 315 á náttúruminjaskrá. Umsögn

Vísað er til bréfs Ísafjarðarbæjar dags. 18 mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um borun þriggja hola og fyrirhugaða vatnstöku í Botnsdal í Súgandasírði.

Náttúruverndargildi svæðis nr. 315 er talið vera m.a. „*Fjölbreytt landslag, gil, ár og fossar.*“ Helstu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda er að mati Umhverfisstofnunar annars vegar vegna umferðar tækja við sjálfa borunina og hins vegar vegna hugsanlegra áhrifa vatnstöku á ár og fossa.

Í greinargerð framkvæmdaaðila kemur fram að nægjanlegt er talið að gera ófullkomnar slóðir til að koma tækjum að fyrirhuguðum borsvæðum. Einungis verður þörf á slíkri slóðagerð við eina borholu. Við fyrri framkvæmdir hafa slíkar slóðir verið lagðar og sjást nú lítil ummerki um þær framkvæmdir.

Um áhrif vatnstökunnar segir m.a. í greinargerð: „*Vegna fjarlægðar borhola þá mun dæling úr borholmum í Botnsdal ekki valda það miklum niðurdrætti á grunnvatnsborði að það hafi umtalsverð áhrif á rennslið í Lindarfossinum.... Í þurrum árum gæti dæling úr borholmum í Botnsdal haft mælanleg áhrif á rennsli Lindarfossins þegar grunnvatnsstaðan er lægst.*“

Umhverfisstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði ekki umtalsverð þar sem framkvæmdasvæðinu hefur að hluta verið raskað og ekki er talið að ráðast þurfi í vegagerð vegna borana.


Umhverfisstofnun telur brýnt að nánari mælingar á grunnvatnsborði verði gerðar eins og fram kemur í greinargerð. Annars vegar þegar grunnvatnsstaða er lág og hins vegar þegar hún nær hæstu stöðu, til að unnt verði að meta og eftir atvikum stýra vatnstökunni þannig að áhrif á ár og fossa verði sem minnst.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaðar boranir og vantstöku.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Gutormsdóttir
Teymissjóri